

Umhverfisstofnun
Ab. 51 ABG SK
31. okt. 2016
08.14.01
TIN. VST 2016/0 - 228



Umhverfisstofnun,
Sigriður Kristjánsdóttir
Suðurlandsbraut 24
150 Reykjavík

Borgarnesi 27. október 2016

Varðar: Breytingu á starfsleyfi urðunarstaðar Sorpurðunar Vesturlands hf. í Fíflholtum og samsvarandi breytingu á fyrirmælum um frágang og vöktun eldri urðunarstaðar

Í eftirlitsskýrslu Umhverfisstofnunar vegna eftirlits á urðunarstað Sorpurðunar Vesturlands hf., dags. 9. júní 2016, er tilgreint frávik frá grein 3.3 í starfsleyfi þar sem kveðið er á um að sigvatn skuli leitt í Norðlæk. Eins og staðan er í dag er sigvatn frá staðnum leitt í gegnum olíu- og fituskilju út í sigvatnsskurð. Sigvatnsskurðurinn endar í mýri og því er sigvatnið ekki leitt í Norðlæk eins og kveðið er á um í starfsleyfi. Sorpurðun Vesturlands hf. bendir á að þetta fyrirkomulag hefur verið við lýði frá upphafi og að ekki hafi verið gerðar sérstakar athugasemdir við það. Umræddri athugasemd í eftirlitsskýrslu er þó ekki mótmælt enda verður hún að teljast réttmæt. Sem lausn á þessu vandamáli leggur Sorpurðun Vesturlands hf. til að þegar fyrirhugaðri endurnýjun hreinsivirkja verður lokið, en unnið er að lokafrágangi, verði umræddur skurður skilgreindur sem viðtaki og sú krafa gerð að sigvatnið sem þangað berst standist kröfur sem gerðar eru til losunar í viðtaka sbr. grein 5.3 í starfsleyfi. Í samræmi við þetta leggur Sorpurðun Vesturlands hf. til að greinum 3.3, 5.2 og 5.3 í starfsleyfinu verði breytt skv. eftifarandi:

3.3 Sigvatn

Greinin verði sem hér segir:

Safna skal öllu sigvatni undan urðunarstaðnum. Sigvatnið skal leiða í gegnum hreinsivirkri áður en það er leitt í útrásarskurð. Skurðurinn telst ekki þynningarsvæði og skal því í hreinsivirkri hreinsa sigvatnið með fullnægjandi hætti þannig að tryggt verði að mengunar frá urðunarstaðnum gæti ekki í skurðinum, sbr. gr. 5.3. Ef notuð eru íblöndunarefni við efnafræðilega hreinsun sigvatnsins skal tryggja að þau berist ekki í skurðinn. Tryggja skal að asbesttrefjar berist ekki út í umhverfið með sigvatni frá sérstakri rein fyrir asbestúrgang.

5.2 Eftirlitsmælingar

Greinin verði óbreytt að öðru leyti en því að:

- Í stað orðsins „Norðlækur“ í liðnum „Magn og samsetning yfirborðsvatns“ komi orðið „Útrásarskurður“.
- Í stað orðsins „Norðlækur“ í liðnum „Mengunarefni í lækjerseti“ komi orðið „Útrásarskurður“.

5.3 Losunar- og umhverfismörk

Í stað orðsins „Norðlækur“ komi orðið „Útrásarskurður“ (í viðeigandi falli, (á þremur stöðum)).

Að mati Sorpurðunar Vesturlands hf. er eðlilegt að breyta einnig fyrirmælum um frágang og vöktun eldri urðunarstaðarins í Fíflholtum til samræmis við framanskáð, þannig að ekki sé lengur gert ráð fyrir Norðlæk sem viðtaka. Unnið er að endurnýjun hreinsivirkis fyrir eldri urðunarstaðinn en því verki er nú að ljúka. Frá hreinsivirkinu verður sigvatni veitt út í skurð sem yrði þá framvegis skilgreindur sem viðtaki. Í samræmi við þetta leggur Sorpurðun Vesturlands hf. til að greinum 1.5 og 1.8 í fyrirmælunum verði breytt skv. eftirfarandi:

1.5 Sigvatn

Greinin verði sem hér segir:

Safna skal sigvatni undan urðunarstaðnum og skal það leitt í gegnum hreinsivirki áður en það er leitt í útrásarskurð. Skurðurinn telst ekki þynningarsvæði og skal því í hreinsivirkni hreinsa sigvatnið með fullnæggjandi hætti þannig að tryggt verði að mengunar frá urðunarstaðnum gæti ekki í skurðinum, sbr. 3. mgr. Ef notuð eru íblöndunarefni við efnafræðilega hreinsun sigvatnsins skal tryggja að þau berist ekki í skurðinn.

Halda skal sigvatnskerfi eldri urðunarstaðarins að fullu aðskildu frá sigvatnskerfi nýs urðunarstaðar sem staðsettur er við hlið hans.

Fyrir útrásarskurð gilda umhverfismörk í B-lið fylgiskjals 1 með reglugerð nr. 798/1999 um fráveit og skólp. Fyrir aðra efnispætti en þar er getið skal tryggja að ástand vatns í skurðinum versni ekki við innrennsli sigvatns, þ.e. að vatnið falli ekki niður um flokk í fylgiskjali með reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.


Safna skal sigvatninu þar til mengunarhætta stafar ekki lengur af því og Umhverfisstofnun hefur ákveðið að söfnun þess skuli hætt.

1.8 Mælingaáætlun

Greinin verði óbreytt að öðru leyti en því að:

- Í stað orðsins „Norðlækur“ í liðnum „Magn og samsetning yfirborðsvatns“ komi orðið „Útrásarskurður“.
- Í stað orðsins „Norðlækur“ í liðnum „Mengunarefni í lækjarseti“ komi orðið „Útrásarskurður“.

Virðingarfyllst



Hrefna B. Jónsdóttir
Hrefna B Jónsdóttir, framkvæmdastjóri